



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGASTOFNUN

ÁRSSKÝRSLA LAGASTOFNUNAR 2014



Ársskýrsla Lagastofnunar 2014

EFNISYFIRLIT

Formáli.....	3
Almennt yfirlit og stjórn	5
Rannsóknastofur Lagastofnunar	5
Rannsóknastofa í Evrópurétti	6
Rannsóknastofa í refsirétti	7
Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti	8
Útgáfa	9
Ritstörf fræðimanna 2014	9
Hvatakerfi vegna rannsókna.....	14
Rannsóknadagur Lagastofnunar.....	14
Ráðstefnur	15
Norrænt málþing um stjórnskipunarrétt.....	15
Norræn ráðstefna um gjafsókn í einkamálum.....	15
Málþing og opnir fundir.....	16
Mannréttindastofnun Háskóla Íslands	17
Endurmenntunarnámskeið.....	17

Formáli

Á árinu 2014 voru endurmenntunarnámskeið fyrir dómara, lögmenn, lögfræðinga og aðra sérfræðinga enn fleiri en árið 2013 eða ellefu. Sú nýjung var tekin upp að bjóða upp á námskeiðaröð þriggja námskeiða í EES-rétti og samkeppnisrétti, sem voru ákaflega vel sótt. Er augljóst af þátttökunni að áhugi er til staðar á námskeiðum þar sem farið er dýpra í efnið en unnt er að gera á hefðbundnum stökum námskeiðum. Tekjur af námskeiðshaldi hafa þessi tvö ár staðið undir tæplega helmingi af rekstrarkostnaði stofnunarinnar.

Fleiri starfsmenn lagadeildar en nokkru sinni sóttu um styrki hjá Rannsóknasjóði HÍ á árinu. Hvort það er hvatakerfi Lagastofnunar að þakka eða einhverju öðru, er ástæða til að fagna þessari þróun, sem vonast er til að haldi áfram og leiði til umsókna í rannsóknasjóð Rannís og erlenda samkeppnissjóði.

Rannsóknastofa í refsirétti var stofnuð á árinu. Þar eru stundaðar fræðilegar rannsóknir í refsirétti, með tengslum við afbrotufræði og refsipólítík. Ragnheiður Bragadóttir prófessor er formaður stjórnar stofnunar en aðrir stjórnarmenn eru Jónatan Þórmundsson prófessor emeritus og Jón Þór Ólason hdl. og lektor við Lagadeild HÍ.

Rannsóknadagur Lagastofnunar var haldinn í nóvember. Deildarforseti og forstöðumaður kynntu sameiginlega stefnu deildar og Lagastofnunar varðandi endurmenntunarnámskeið. Farið var yfir atriði sem skipta máli varðandi umsóknir í rannsóknasjóði auk þess sem nýjar verklagsreglur um styrki Lagastofnunar voru kynntar.

Í nóvember var ný heimasíða Lagastofnunar á íslensku og ensku opnuð formlega í tilefni af því að á árinu voru liðin fjörutíu ár frá því stofnunin tók til starfa. Lögð var áhersla á að gera rannsóknaverkefni fræðimanna Lagadeildar, sem um leið eru allir starfsmenn Lagastofnunar, aðgengilegri og sýnilegri. Rannsóknastofur, námskeið og útgáfa eru áberandi á forsíðu auk þess sem styrkjamállum er gert hátt undir höfði. Markmiðið er einnig að auðvelda notkun síðunnar og um leið að bjóða upp á fallegt viðmót með auknu myndefni. Í tengslum við aukna möguleika á nýrri heimasíðu var birt ársskýrsla Lagastofnunar 2013 en ársskýrslur hafa ekki verið gefnar út undanfarin ár.

Norrænt málþing um stjórnskipunarrétt var haldið dagana 2. og 3. maí undir yfirskriftinni *Magtfordeling og grundlovsændringer i nordisk forfatning*. Málþingið, sem var bæði á ensku og Norðurlandamálum, var haldið í samvinnu við lagastofnanir háskólanna í Árósum, Osló og Uppsölum og er liður í samstarfsneti fræðimanna við lagadeildir þessara skóla. Markmið málþingsins var að leiða saman helstu sérfræðinga Norðurlandanna á sviði stjórnskipunarréttar og efna til samræðu fræðimanna á sviði lögfræði og stjórn málafræði, lögfræðinga, stjórn málafræðinga, háskólanema, dómara, embættismanna í stjórn sýslu, þingmanna o.fl. um stöðu stjórn skipunar á Norðurlöndum og breytingar á norrænum stjórnarskrám sem nýlega hafa verið gerðar eða eru í undirbúningi. Norræna ráðherranefndin styrkti málþingið auk forsætisráðuneytisins og Clara Lachman sjóðsins, sem veittu minni styrki og gerði Lagastofnun kleift að halda málþingið sem tókst ákaflega vel.

Lagastofnun stóð einnig fyrir norræni ráðstefnu um gjafsóknarreglur í einkamálum í september. Er þetta í fyrsta skipti sem norrænir sérfræðingar á þessu sviði hittast til að bera saman bækur sínar. Tveir sérfræðingar komu frá hverju Norðurlandanna þ.e. Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð auk Íslands. Var leitast við að fá einn sérfræðing sem starfar á vettvangi gjafsóknarnefnda eða sambærilegra stjórnvalda sem taka ákvörðun um gjafsókn og svo hins vegar einn lögmann með reynslu af gjafsóknarmálum. Íslenskir þátttakendur voru hátt í 40 og þótti ráðstefnan varpa skýru ljósi á þau sameiginlegu og ólíku vandamál sem öll löndin fást við. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við Innanríkisráðuneytið og Lögmannafélag Íslands, með styrk frá Norræna ráðherraráðinu auk þess sem Norræna húsið veitti minni háttar styrk.

Lagastofnun gaf út ritið *Evrópusambandsréttur – Lissabons-sáttmálinn með áherslu á fiski- og auðlindamál og ríkjasambandið*, eftir Stefán Má Stefánsson prófessor. Ekki var gefið út hefti í ritröð Lagastofnunar en samþykkt var á árinu að gefa út a.m.k. tvö hefti árið 2015.

Boðað var til fimm opinna fræðafunda á árinu, þar af var einn haldinn af Rannsóknastofu í umhverfis- og auðlindarétti við Lagastofnun, annar var haldinn í samvinnu við Heimspekistofunun HÍ og sá þriðji í samvinnu við Orator.

Reykjavík, 25. febrúar 2015

María Thejll
forstöðumaður Lagastofnunar

Ragnheiður Bragadóttir
stjórnarformaður Lagastofnunar

Almennt yfirlit og stjórn

Lagastofnun Háskóla Íslands
Lögbergi við Suðurgötu, 101 Reykjavík
Sími 525 5203 / lagastofnun@hi.is
www.lagastofnun.hi.is

Lagastofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir undir Lagadeild og er vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs í lögfræði.

Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að stuðla að og styðja við hvers konar rannsóknir og kennslu á sviði lögfræði. Einnig sinnir stofnunin lögfræðilegum þjónustuverkefnum á borð við álitserðir og skýrslur.

Stjórn Lagastofnunar var þannig skipuð árið 2014: Ragnheiður Bragadóttir prófessor formaður, María Elvira Mendez Pinedo prófessor, Eyvindur G. Gunnarsson prófessor, Páll Sigurðsson prófessor og Kristín Jónsdóttir laganemi meðstjórnendur. Eyvindur G. Gunnarsson og Páll Sigurðsson hættu í stjórninni um mitt ár og voru Hrefna Friðriksdóttir dósent og Helgi Áss Grétarsson dósent skipuð í stjórnina í þeirra stað og Hafsteinn Þór Hauksson lektor skipaður varamaður í stað Hrefnu Friðriksdóttur.

Forstöðumaður í fullu starfi var María Thejll hdl.

Arnaldur Hjartarson lögfræðingur og LL.M. var ráðinn í styrkta stöðu sérfræðings í fjármálarétti við stofnunina frá og með 1. janúar 2014 til tveggja ára.

Rannsóknastofur Lagastofnunar

Stjórn Lagastofnunar getur ákveðið að setja á fót rannsóknastofur í einstökum greinum lögfræði. Fastir kennarar við Lagadeild (prófessor, dósent eða lektor), forstöðumaður og sérfræðingar Lagastofnunar geta óskað eftir því við stjórnina að stofnuð verði rannsóknastofa og skal skýra frá þeirri rannsóknastarfsemi sem þar er ætlað að fara fram og hvort stofunni er ætlað að starfa ótímabundið eða til ákveðins tíma.

Rannsóknastofa getur verið þverfræðileg, enda sé lögfræði ein af þeim greinum sem rannsóknir taka til. Rannsóknastofa er faglega sjálfstæð rannsóknastofnun í samræmi við 4. gr. reglna um Lagastofnun Háskóla Íslands.

Þrjár rannsóknastofur eru starfandi, í Evrópurétti, refsirétti og umhverfis- og auðlindarétti.

Rannsóknastofa í Evrópurétti

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í Evrópurétti hefur starfað innan Lagastofnunar frá 2009.

Í stjórn stofunnar eru: M. Elvira Mendez Pinedo prófessor, Stefán Már Stefánsson prófessor og Dóra Guðmundsdóttir aðjúnt. Hlutverk stofunnar er m.a. að skipuleggja og framkvæma vísindalegar rannsóknir á öllum sviðum Evrópuréttar og EES-réttar.

Rannsóknir

Á árinu lauk eftirgreindum rannsóknaverkefnum:

M. Elvira Mendez Pinedo:

- The Cost Of Credit In Iceland Under European Judicial Review: May Legality And Transparency Justify Unfairness?, "Europarättslig Tidskrift (ERT, Swedish Journal of European Law) no. 2/ 2014, pp. 303-329.
- Ásamt Irina Domurath (Ph. D. candidate HÍ/Univ. of Copenhagen). "Over-indebtedness of European consumers after the financial crisis. A view from six countries" (Iceland). European University Institute. Faculty of Law. Working Paper Series. Report nr. 2014/10 European Regulatory Private Law Project (ERC-ERPL - 08).
- "Indexation of consumer and mortgage credit in Iceland in 2014. A Critical battle between legality, fairness and legitimacy", International Journal of Finance and Banking Studies, vol. 3, no 2014.
- "Iceland. Indexation of credit and the European fairness test", Journal of Consumer Policy no 4/2014 (electronic publication, printed version forthcoming 2015).
- "Iceland. The new plan for debt-relief to help over-indebted households after the crisis: Jubilee or Waiting for Godot?", European Journal of Risk Regulation 4/2014, pp. 517-530.
- Iceland. Case study (ásamt Irinu Domurath og Mariu Thejll). Proceedings of the Conference organised by the European University Institute, 14-16 November 2013 and Working Paper EUI, Domurath, Comparato and Micklitz (editors). *The overindebtedness of European consumers: a view from six countries*, 2014.

Dóra Guðmundsdóttir:

- *Áhrif EES-samningsins á frumkvæðisskyldu dómara við úrslausn einkamála sem varða óréttmæta samningsskilmála*. Afmælisrit Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 137-165.
- *Fyrsta skilyrði skaðabótaskyldu í ESB- og EES-rétti – Réttindi einstaklinga*. Afmælisrit Viðar Már Matthíasson sextugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 89-122.

Stefán Már Stefánsson:

- *Náttúruauðlindir og ESB/EES*. Afmælisrit Viðar Már Matthíasson sextugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 509-535.
- *Evrópusambandsréttur : Lissabons-sáttmálinn með áherslu á fiski- og auðlindamál og ríkjasambandið*. Lagastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2014.

Verkefni sem unnið var að á árinu en er ólokið:

M. Elvira Mendez Pinedo:

- The over-indebtedness of Icelandic consumers in the aftermath of the financial crisis (ásamt Irinu Domurath) í Domurath and Micklitz (editors), *Overindebtedness and Social Exclusion in Europe* (útgefin hjá Ashgate 2015).
- Tras la crisis financiera y económica: la precariedad de deudores hipotecarios desde una perspectiva de Derecho europeo, í Álvarez-Blanco, P. and Gómez L-Quiñones, A. (ritstj.) *Precariedad: La crisis del capitalismo neoliberal y la cultura española contemporánea*, sameiginlegt rannsóknaverkefni Carleton College and Dartmouth College, sem áætlað er að ljúki 2015.
- Crisis, sobre-endeudamiento y exclusión social de deudores hipotecarios: luces y sombras del Derecho europeo”, í *Anales Derecho Universidad de La Laguna*, sem áætlað er að birta 2015.

Irina Domurath, stundar sameiginlegt doktorsnám við lagadeildir Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla og vinnur áfram að doktorsrannsókninni Neytendavernd á fjármálamarkaði í Evrópurétti sem áætlað er að ljúki 2015. Leiðbeinandi á Íslandi er M. Elvira Mendez Pinedo prófessor.

Sjá nánar á: http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa_i_evropuretti

Rannsóknastofa í refsirétti

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í refsirétti var stofnuð á árinu 2014. Á vegum rannsóknastofunnar eru stundaðar fræðilegar rannsóknir í refsirétti, með tengslum við afbrotافرæði og refsipólitík.

Í stjórn stofunnar eru: Ragnheiður Bragadóttir prófessor, Jónatan Þórmundsson prófessor emeritus og Jón Þór Ólason hdl. og lektor.

Rannsóknir

Á árinu lauk eftirgreindum rannsóknaverkefnum:

Ragnheiður Bragadóttir:

- *Áfram veginn – Um akstur utan vega*. Afmælisrit Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex. Reykjavík 2014, bls. 463-478.
- Chapter 3. Iceland. Í: *Criminal Jurisdiction – A Nordic Perspective*. Eds. Thomas Elholm & Birgit Feldtmann. DJØF Publishing. Copenhagen 2014. Bls. 63-90.
http://www.amazon.com/Thomas-Elholm/e/B00LZ4J3M6/ref=ntt_dp_epwbk_0;
- *Voldtægt – eller ej?* Í: *Motmæle*. En antologi til Kjersti Ericsson, Cecilie Høigård og Guri Larsen. Red.: Liv Finstad og Heidi Mork Lomell. Novus Forlag. Oslo 2014. Bls. 39-48.
http://kilden.forskningsradet.no/c16878/publikasjon/vis.html?tid=87020&strukt_tid=16878

- *Sentences for sexual offences against children – an analysis from Iceland*. Í: Toimetised: LISA, 2014 (12). Ritstjóri: Lauri Tabur. Sisekaitseakadeemia (Estonian Academy of Security Sciences). Tallinn, Eistlandi 2014, bls. 210-218.

Verkefni sem unnið var að á árinu en er ólokið:

Ragnheiður Bragadóttir:

Norræn refsilögsaga

Samnorrænt rannsóknarverkefni sem fjallar um réttarreglur um refsilögsögu á Norðurlöndum. Reglurnar um refsilögsögu fjalla um mörkin gagnvart erlendum refsilögum og refsidómstólum og er litið svo á að þær tilheyri landsrétti hvers ríkis. Þessar reglur þurfa að vera í góðu samræmi við lögsögureglur annarra ríkja, svo að samskipti á þessu sviði við aðrar þjóðir gangi greiðlega.

Norrænn refsiréttur frá sjónarhóli kvenna

Óformlegt rannsóknarsamstarf norrænna kvenna í refsirétti, stofnað 2011, að frumkvæði sænskra fræðikvenna.

Kynferðisbrot - Löggjöf og dómaframkvæmd

Unnið að rannsókn á ákvæðum íslensks réttar um kynferðisbrot og refsingum fyrir brotin með samanburði við norrænan rétt. Ein grein var birt 2013 og önnur á þessu ári: *Voldtægt – eller ej?* Birtist í Motmæle – En antologi til Kjersti Ericsson, Cecilie Høigård og Guri Larsen. Red: Liv Finstad og Heidi Mørk Lomell. Novus Forlag. Oslo 2014. Þriðja greinin mun birtast í dönsku fræðiriti vorið 2015: *Nye lovændringer og strafumåling for seksualforbrydelser mod børn*.

Umhverfisrefsiréttur

Unnið að rannsókn á réttarreglum sem veita umhverfinu refsivernd og viðurlögum fyrir brot á reglunum. Greinin: *Áfram veginn – Um akstur utan vega*, birtist í Afmælisriti Páls Sigurðssonar á þessu ári.

Sjá nánar á: http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa_i_refsiretti

Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti hóf starfsemi vorið 2010. Hlutverk stofunnar er m.a. að stunda fræðilegar rannsóknir á sviði innlands og alþjóðlegs umhverfis- og auðlindaréttar, þ.m.t. á rétti Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Í stjórn stofunnar eru: Helgi Áss Grétarsson dósent, Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor og Harpa Þórunn Pétursdóttir lögfræðingur hjá Orkustofnun.

Rannsóknir

Á árinu lauk eftirgreindum rannsóknaverkefnum:

Helgi Áss Grétarsson:

- *The Faroese Effort Quota Management System*. Ásamt Rannvá Daisy Danielsen.
- *Artic Review on Law and Politics*. Gyldendal Akademisk, no. 1/2014, volume 5, Oslo bls. 100–122.

Aðalheiður Jóhannsdóttir:

- *Breytingar á fyrirkomulagi skipulagsmála á miðhálandi Íslands*. Afmælisrit Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 1-31.
- *Umhverfisábyrgð*. Afmælisrit Viðar Már Matthíasson sextugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 1-42.

Verkefni sem unnið var að á árinu en er ólokið:

Aðalheiður Jóhannsdóttir:

- Inngangur að skipulagsrétti, lagarammi og réttarframkvæmd. Birting áætluð um mitt ár 2015.
- Íslenskur umhverfis- og náttúruauðlindaréttur. Birting áætluð áramótin 2015/2016.
- Árórsamningurinn, tvær greinar. Birting áætluð 2015.
- Legal frameworks for fish farming in Iceland. Birting áætluð haust 2015 (samevrópskt verkefni).

Sjá nánar á: http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa_i_umhverfis_og_audlindaretti

Útgáfa

Lagastofnun gaf út ritið *Evrópusambandsréttur – Lissabons-sáttmálinn með áherslu á fiski- og auðlindamál og ríkjasambandið*, eftir Stefán Má Stefánsson prófessor. Með útgáfunni var viðauki III við skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ um aðildarviðræður við Evrópusambandið, gerður aðgengilegur. Lítið hefur verið ritað á íslensku um Lissabon-sáttmálann og þær breytingar sem sáttmálanum er ætlað að hafa á starfsemi Evrópusambandsins. Í útgáfunni er gerð grein fyrir regluverki ESB, fyrir og eftir gildistöku sáttmálans. Er mikilvægt að fræðileg úttekt af þessu tagi sé til á íslensku enda munu Íslendingar þurfa að fylgjast vel með þróuninni innan ESB, hvort sem aðildarviðræður verða áfram í bið, þær teknar upp aftur eða þeim slitið.

Ritstörf fræðimanna 2014

Tímaritsgreinar, bókakaflar, bækur þ.m.t. kennsluefni og ritstjórn.

ATH – Finn engar birtingar hjá Brynhildi, Eyvindi, Oddnýju Mjöll og Viðari

Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor

- *Breytingar á fyrirkomulagi skipulagsmála á miðhálandi Íslands*. Afmælisrit Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 1-31.
- *Umhverfisábyrgð*. Afmælisrit Viðar Már Matthíasson sextugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 1-42.
- *The value of proactive methodological approaches for understanding environmental law*. Scandinavian studies in law, 59. hefti 2014, bls. 243-258.

Arnaldur Hjartarson, sérfræðingur

- *Á réttarhagfræði erindi við íslenska lögfræðinga?* Tímarit lögfræðinga, 1. hefti 2014, bls. 37-68.

Ása Ólafsdóttir, dósent

- *Grunnreglur og megineinkenni íslensks samningaréttar*. Afmælisrit Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 49-73.
- *Ógildingarregla 36. gr. laga nr. 7/1936. Samningar milli jafnsettra aðila*. Afmælisrit Viðar Már Matthíasson sextugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 43-70.

Benedikt Bogason, dósent

- *Kröfuréttur, þættir. Ásamt Þorgeiri Örlýgssyni*. Bókaútgáfan Codex. Reykjavík 2014, 330 bls.
- *Lög um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 og helstu meinbugir á þeim*. Afmælisrit Viðar Már Matthíasson sextugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex. Reykjavík 2014, bls. 71-88.

Björg Thorarensen, prófessor

- *Dialog mellem den Europæiske Menneskerettighedsdomstol og national domstole*. 40. norræna lögfræðingamótið í Osló 21.-22. ágúst 2014.
- *The Nordic Constitutions in a Multilevel Constitutional Order*. Festskrift til Henning Koch. Djøf Forlag, Kaupmannahöfn 2014, bls. 327-344.
- *Frávik frá stjórnarskrá á grundvelli neyðarréttar*. Afmælisrit Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 75-104.
- *Why the making of a crowd-sourced Constitution in Iceland failed*. Birt 26. febrúar 2014 á heimasíðunni Constitution Making and Constitution Change á slóðinni: <http://constitutional-change.com/why-the-making-of-a-crowd-sourced-const...>
- *Ólöglegir fangaflutningar og þjóðréttarábyrgð Evrópuríkja*. Samhöfundur ásamt Valgerði Guðmundsdóttur. Úlfljótur, tímarit laganema 1. tbl. 2014, 67. árg.
- *Iceland's Democratic Challenges and Human Rights Implications*. Bókarkafli í ritinu European Institutions, Democratization, and Human Rights Protection in the European Periphery. Ritstj. Henry F. Carey, Lexington books 2014, bls. 223-244. Ritstjórn
- Í ritstjórn: Afmælisrit Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. 2013-2014.

Davíð Þór Björgvinsson, prófessor

- *Staða dóma Mannréttindadómstóls Evrópu í íslenskum landsrétti*. Tímarit Lögréttu, félags laganema við Háskólann í Reykjavík, 1. tbl. 2014, bls. 23-48.
- *Mannréttindadómstóll Evrópu*. Tímarit Lögréttu, félags laganema við Háskólann í Reykjavík, 2. tbl. 2014, bls. 30-46.

Eiríkur Jónsson, prófessor

- *Hvaða kröfur eru gerðar til matsbeiðna?* Afmælisrit Viðar Már Matthíasson sextugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, 2014, bls. 123-177.
- *Ábyrgðarreglur fjölmiðlalaga*. Afmælisrit Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 185-210.
- *Tort cases in Iceland after the bank crash in 2008*. Functional or dysfunctional – the law as a cure? Risks and liability in the financial markets. Ritsj. Lars Gorton o.fl. Stockholm Centre for Commercial Law. Stokkhólmi 2014, bls. 247-250.

Eyvindur G. Gunnarsson, prófessor

- Í ritstjórn: Afmælisrit Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. 2013-2014.

Hafsteinn Þór Hauksson

- Kaflar í réttarheimspeki. Ásamt Skúla Magnússyni. Bókaútgáfan Codex. Reykjavík 2014, 280 bls.
 - *Bútasaurur*. Tímarit Lögréttu, félags laganema við Háskólann í Reykjavík, 2. tbl. 2014, bls. 286-327.
 - [S]vá skilðu þeir, at allir hlutir væri smíðaðir af nokkuru efni. Árbók lagadeildar Háskólans á Akureyri, bls. 53-63.
- Ritstjórn
- Ritstjóri Tímarits lögfræðinga frá 2013.

Helgi Áss Grétarsson, dósent

- *The Faroese Effort Quota Management System*. Ásamt Rannvá Daisy Danielsen. Artic Review on Law and Politics. Gyldendal Akademisk, no. 1/2014, volume 5. Osló, bls. 100–122.
- *Húgó Grótíus – lærifaðir þjóðaréttar – æviágrip og helstu hugmyndir*. Ásamt Pétri Dam Leifssyni. Afmælisrit Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 295-307.

Hrefna Friðriksdóttir, dósent

- Kynferðisofbeldi gegn börnum – Málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna. Ásamt Anni G. Haugen. Í Ritroð Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni. Bókaútgáfan Codex. Reykjavík 2014, 58 bls.
- *Same-sex couples in the Nordic countries*. Í bókinni Same-sex Couples before National and International Jurisdictions, Daniele Gallo, Luca Paladini og Pietro Pustorino ritstjórar. Springer, Berlin-Heidelberg 2014, bls. 161-180.
- *Samboeres rettsstilling i Norden*. Grein birt í NJM, 40 Nordiske Juristmøte 2014, bls.

- *Fasteignir og óvígð sambúð: Eignarréttur, tilkall til eigna og endurgjald.* Afmælisrit Viðar Már Matthíasson sextugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 219-264.
- *Óvígð sambúð og erfðaréttur.* Afmælisrit Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 319-358.

Karl Axelsson, dósent

- *Grýtt slóð - Reglur um eignarhald á fjölmiðlum í íslenskum rétti, ásamt Elfu Ýr Gylfadóttur.* Afmælisrit: Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 385-425.

Kristín Benediksdóttir, lektor

- *Slysaugtak laga nr. 100/2007 um almannatryggingar.* Afmælisrit Viðar Már Matthíasson sextugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 365-398.

Lára V. Júlíusdóttir, lektor

- *Tilraun til að meta áhrif hrunsins á réttarstöðu launafólks á Íslandi.* Afmælisrit Viðar Már Matthíasson sextugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 399-417.

M. Elvira Mendez Pinedo, prófessor

- The Cost Of Credit In Iceland Under European Judicial Review: May Legality And Transparency Justify Unfairness?, "Europarättslig Tidskrift (ERT, Swedish Journal of European Law) no. 2/ 2014, pp. 303-329.
- Ásamt Irina Domurath (Ph. D. candidate HÍ/Univ. of Copenhagen). "Over-indebtedness of European consumers after the financial crisis. A view from six countries" (Iceland). European University Institute. Faculty of Law. Working Paper Series. Report nr. 2014/10 European Regulatory Private Law Project (ERC-ERPL - 08).
- "Indexation of consumer and mortgage credit in Iceland in 2014. A Critical battle between legality, fairness and legitimacy", International Journal of Finance and Banking Studies, vol. 3, no 2014.
- "Iceland. Indexation of credit and the European fairness test", Journal of Consumer Policy no 4/2014 (electronic publication, printed version forthcoming 2015).
- "Iceland. The new plan for debt-relief to help over-indebted households after the crisis: Jubilee or Waiting for Godot?", European Journal of Risk Regulation 4/2014, pp. 517-530.
- Iceland. Case study (ásamt Irinu Domurath og Maríu Thejll). Proceedings of the Conference organised by the European University Institute, 14-16 November 2013 and Working Paper EUI, Domurath, Comparato and Micklitz (editors). *The overindebtedness of European consumers: a view from six countries*, 2014.

Pétur Dam Leifsson, dósent

- *Húgó Grótius – lærifaðir þjóðaréttar – æviágrip og helstu hugmyndir, ásamt Helga Áss Grétarssyni. Afmælisrit Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 295-307.*
- *Mynda alþjóðalög eitt réttarkerfi eða mörg? Hugleiðingar um samleik þjóðaréttar, Evrópusambandsréttar, og Evrópuráðsréttar við framkvæmd fyrirmæla frá Sameinuðu þjóðunum og um mannréttindavernd í Evrópu. Afmælisrit Viðar Már Matthíasson sextugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 419-448.*

Ragnheiður Bragadóttir, prófessor

- *Áfram veginn – Um akstur utan vega. Afmælisrit Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex. Reykjavík 2014, bls. 463-478.*
- Chapter 3. Iceland. Í: Criminal Jurisdiction – A Nordic Perspective. Eds. Thomas Elholm & Birgit Feldtmann. DJØF Publishing. Copenhagen 2014. Bls. 63-90.
http://www.amazon.com/Thomas-Elholm/e/B00LZ4J3M6/ref=ntt_dp_epwbk_0;
- Voldtægt – eller ej? Í: Motmæle. En antologi til Kjersti Ericsson, Cecilie Høigård og Guri Larsen. Red.: Liv Finstad og Heidi Mork Lomell. Novus Forlag. Oslo 2014. Bls. 39-48.
http://kilden.forskningsradet.no/c16878/publikasjon/vis.html?tid=87020&strukt_tid=16878
- *Sentences for sexual offences against children – an analysis from Iceland. Í: Toimetised: LISA, 2014 (12). Ritstjóri: Lauri Tabur. Sisekaitseakadeemia (Estonian Academy of Security Sciences). Tallinn, Eistlandi 2014. Bls. 210-218.*
Ritstjórn
- Í ritstjórn: Afmælisrit Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. 2013-2014.
- Ritstjóri fyrir Ísland í Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab (NTfK). Heimasíða: ntfk.dk. Útgefandi: De Nordiske Kriminalistforeninger med støtte af Nordisk Samarbejdsråd for Kriminologi (Norræna sakfræðiráðið).

Skúli Magnússon, dósent

- *Kaflar í réttarheimspeki. Ásamt Hafsteini Þór Haukssyni. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, 280 bls.*
- *Stefnumótun og útfærsla – Hugleiðingar um samleik Alþingis og Stjórnarráðs Íslands við undirbúning löggjafar. Afmælisrit Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex. Reykjavík 2014, bls. 531-551.*
- *Skilyrðið um „alvarleika brots“ samkvæmt skaðabótareglu EES-samningsins. Afmælisrit Viðar Már Matthíasson sextugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 483-507.*
Ritstjórn
- Í ritnefnd *Afmælisrit Páls Sigurðssonar*, prófessors við Lagadeild HÍ 2013-2014.

Stefán Már Stefánsson, prófessor

- *Náttúruauðlindir og ESB/EES*. Afmælisrit Viðar Már Matthíasson sextugur 16. ágúst 2014. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, bls. 509-535.
- *Evrópusambandsréttur : Lissabons-sáttmálinn með áherslu á fiski- og auðlindamál og ríkjasambandið*. Lagastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2014, 238 bls.
- *Hugleiðingar um kerfi til styrkingar íslensku krónunni*. Tímarit lögfræðinga, 2. tbl. 2014, bls. 257-260.

Trausti Fannar Valsson

- Sveitarstjórnarréttur. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2014, 383 bls.
- Opinber starfsmannaréttur. Fjölrit til kennslu. Ásamt Önnu Tryggvadóttur, Berglindi Báru Sigurjónsdóttur og Þórhalli Vilhjálmssyni. Reykjavík 2014, 194 bls.

Viðar Pálsson, lektor

- *Að kaupa sér spássíu*. Saltari – Stilltur og sleginn Svanhildi Óskarsdóttur fimmtugri 13. mars 2014. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnusen. Reykjavík 2014, bls. 20-21.

Hvatakerfi vegna rannsókna

Komið var á hvatakerfi fyrir starfsmenn Lagadeildar af hálfu Lagastofnunar árið 2013 með það að markmiði að framfylgja stefnu Lagastofnunar og Lagadeildar 2011-2016 og fjölga umsóknum í rannsóknasjóði. Verklagsreglum um úthlutun og fjárhæð styrkja var breytt á árinu vegna fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

Styrkumsóknum starfsmanna Lagadeildar í Rannsóknasjóð HÍ fjölgaði á árinu miðað við árin á undan. Sendar voru fimm umsóknir, sem allar fengu styrk, en aðeins hafa verið sendar tvær umsóknir að meðaltali undanfarin 4 ár. Vonast er til að hvatakerfið hafi haft sitt að segja varðandi fjölgunina.

Rannsóknadagur Lagastofnunar

Rannsóknadagur Lagastofnunar var haldinn í nóvember en þar var ný heimasíða stofnunarinnar kynnt. Deildarforseti kynnti sameiginlega stefnu deildar og Lagastofnunar varðandi endurmenntunarnámskeið og farið var yfir atriði sem skipta máli varðandi umsóknir í rannsóknasjóði auk þess sem nýjar verklagsreglur um styrki Lagastofnunar vegna umsókna í samkeppnisjóði voru kynntar.

Ráðstefnur

Norrænt málþing um stjórnskipunarrétt

Lagastofnun stóð fyrir norrænu málþingi um stjórnskipunarrétt sem haldið var dagana 2. og 3. maí 2014 undir yfyrskriftinni Magtfordeling og grundlovsændringer i nordisk forfatning. Málþingið, sem var bæði á ensku og Norðurlandamálum, var haldið í samvinnu við lagastofnanir háskólanna í Árósum, Osló og Uppsölum og er liður í samstarfsneti fræðimanna við lagadeildir þessara skóla.

Markmið málþingsins var að leiða saman helstu sérfræðinga Norðurlandanna á sviði stjórnskipunarréttar og efna til samræðu fræðimanna á sviði lögfræði og stjórn málafræði, lögfræðinga, stjórn málafræðinga, háskólanema, dómara, embættismanna í stjórn sýslu, þingmanna o.fl. um stöðu stjórn skipunar á Norðurlöndum og breytingar á norrænum stjórnarskrám sem nýlega hafa verið gerðar eða eru í undirbúningi.

Stjórn skipun Norðurlandanna stendur nú á tímamótum í margvíslegu tilliti. Stjórnarskrárbreytingar voru gerðar í Svíþjóð og Finnlandi 2011 og eru í undirbúningi hér á landi og í Noregi. Á málþinginú voru bornar saman ólíkar reglur og framkvæmd Norðurlandanna um breytingar á stjórnarskrám og metið hvort læra megi af reynslu annarra í þeim efnum. Var m.a. rætt um þróun til að auka þátttöku þjóðarinnar í breytingarferli á stjórnarskrá og um nýja farvegi í stjórnarskrám til að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hinn meginþáttur málþingsins laut að valdgreiningu og valddreifingu á milli handhafa ríkisvalds, þar á meðal um samþættingu löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og leiðir sem hafa verið farnar til að styrkja stöðu þjóðþinga á Norðurlöndum, gagnvart öðrum valdþáttum. Þar kom einnig til skoðunar staða þjóðþinga ríkjanna í ljósi þess að stór hluti landslaga þriggja Norðurlanda stafar frá Evrópusambandinu og áhrif EES-samningsins á löggjöf Íslands og Noregs eru víðtæk.

Norræna ráðherranefndin styrkti málþingið auk forsætisráðuneytisins og Clara Lachman sjóðsins, sem veittu minni styrki og gerði Lagastofnun kleift að halda málþingið sem tókst ákaflega vel.

Norræn ráðstefna um gjafsókn í einkamálum

Á ráðstefnunni gerðu sérfræðingar frá Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi sem vinna við gjafsóknarmál grein fyrir þeim reglum sem gilda og þau atriði sem reynir mest á. Þá fjölluðu lögmenn frá sömu löndum, með mikla reynslu í þessum málaflokki, um reynslu sína og hvað betur mætti fara í löggjöf og framkvæmd að þeirra mati. Þátttakendur voru hátt í 50 en þetta er í fyrsta skipti sem haldin er norræn ráðstefna um gjafsóknarreglur í einkamálum, sem hafa verið útfærðar með mismunandi hætti á öllum Norðurlöndunum. Íslenskir þátttakendur voru hátt í 40 og þótti ráðstefnan varpa skýru ljósi á þau sameiginlegu og ólíku vandamál sem öll löndin fást við í þessum málaflokki.

Ráðstefnan var haldin í samvinnu við Innanríkisráðuneytið og Lögmannafélag Íslands, með styrk frá Norræna ráðherraráðinu auk þess sem Norræna húsið veitti minni háttar styrk.

Málþing og opnir fundir

14. maí

Um textahyggju, merkingu og inntak lagaákvæða

Frummælandi: **Hrafn Ásgeirsson**, doktor í réttarheimspeki

Fundarstjóri: Hafsteinn Þór Hauksson, lektor við Lagadeild Háskóla Íslands.

Samkvæmt textahyggju (e. textualism) er inntak lagaákvæðis í grófum dráttum sú merking sem skynsamur einstaklingur myndi, að gefnum viðeigandi upplýsingum um samhengi og annað, ætla að texti þess bæri. Fátt er þó um eiginleg rök fyrir þessu viðhorfi og í erindinu færir Hrafn því ein slík, en þeim til grundvallar liggja ýmsar framfarir sem orðið hafa í málspeki og málvísindum varðandi tengsl texta og þeirrar merkingar sem hann ber. Hrafn notaði þessar hugmyndir síðan til þess að varpa ljósi á tiltekin álitamál varðandi textahyggju og beitingu hennar. Hann færði rök fyrir því að þær geti nýst textahyggjusinum annars vegar til þess að svara ásökunum um ósamræmi í dómaframkvæmd og hins vegar til þess að svara gagnrýni sem svokölluð skilningshyggja (e. conception-textualism, originalism) hefur undanfarið sætt. Þá ræddi hann stuttlega rök bandaríska hæstaréttardómarans Antonin Scalia fyrir skilningshyggju.

Hrafn Ásgeirsson er doktor í réttarheimspeki frá University of Southern California. Hrafn er nýdoktor við Heimspekistofnun Háskóla Íslands, en hefur einnig sinnt rannsóknum við Monash University í Melbourne í Ástralíu. Þá kennir hann réttarheimspeki við lagasvið Háskólans á Bifröst.

3. september

Challenges before Responsibility to Protect in Its First Decade Opinn fundur á ensku

Frummælandi: **Dr. Vasilka Sancin**, forstöðumaður Institute of International Law and International Relations við Lagadeild Háskólans í Ljubljana

Fundarstjóri: Pétur Dam Leifsson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands.

The normative concept of Responsibility to Protect (R2P) was adopted in 2005 without a vote by UN Member States to protect populations from genocide, war crimes, ethnic cleansing and crimes against humanity. In order to clarify its contents the UN Secretary General prepared a series of reports, while the States continue to discuss its applicability both in the UN Security Council, as well as in the informal dialogue at the General Assembly. However, there are still a number of questions that remain open when it comes to its applicability in practice, as current examples of Syria, Northern Iraq or South Sudan aptly illustrate. The lecture will address the legal questions connected with R2P and illustrate different challenges the international community is facing when trying to operationalize it in current crisis situations.

17. september

Corporate Environmental Accountability in International Law Opinn fundur á ensku

Frummælandi: **Dr. Elisa Morgera**, dósent við Edinborgarháskóla.

Fundarstjóri: Dr. Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands.

Fjallað var um umhverfisábyrgð fyrirtækja að þjóðarétti. Dr. Morgera er kunn fyrir rannsóknir sínar á sviði alþjóðlegs umhverfisréttar. Hún er höfundur bókarinnar Corporate Accountability in International Environmental Law (Oxford University Press, 2009) og fjölmargra greina og bókarkafla á sviði alþjóðlegs umhverfisréttar, þ.m.t. umhverfisréttar Evrópusambandsins.

24. september

Towards Common European Rules on Civil Procedures - Best Practice or Tyranny of the Majority? Opinn fundur á ensku.

Frummælendur:

Gilles Cuniberti, prófessor við háskólann í Luxembourg

Skúli Magnússon héraðsdómari og lektor við Lagadeild Háskóla Íslands.
Fundarstjóri: María Thejll, forstöðumaður Lagastofnunar Háskóla Íslands.

Einkamálaréttur er nú í flóknu ferli samræmingar í Evrópu. Evrópusambandið hefur samræmt lög aðildarríkjanna á ýmsum sviðum síðan 1968. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur leitt í gildi sameiginlegar málsmeðferðarreglur gagnvart þeim ríkjum sem eru aðilar að Evrópuráðinu. Árið 2013 tóku Lagastofnun Evrópu og UNIDROIT að sér að hanna samræmt evrópskt regluverk um meðferð einkamála sem vonir standa til að verði áhrifamikil. Hvernig eru þessar reglur? Í Evrópu eru mörg ólík réttarkerfi og hefðir sem hafa leitt til mjög mismunandi réttarfarreglna í einkamálum. Eiga allar þessar lagahefðir þátt í evrópsku einkamálaréttarfari?

Í erindi Prof. Cuniberti var leitast við að meta hvort viðkomandi lögspekingar hafi valið skilvirkustu reglurnar af þeim sem gilda í mismunandi ríkjum Evrópu, eða hvort val þeirra hafi stjórnast af öðrum ástæðum og hagsmunum.

Skúli Magnússon velti fyrir sér hvort og þá hvað Íslendingar geti haft fram að færa þegar kemur að samræmdri löggjöf undir yfirskriftinni: Hafa Íslendingar eitthvað fram að færa þegar móta á sameiginlegar reglur?

Cuniberti fjallaði um vinnu við samræmdar evrópskar reglur í einkamálaréttarfari en hann situr í vinnuhópi á vegum European Law Institute og UNIDROIT, sem vinnur að drögum slíkra reglna. Cuniberti hefur birt fjölda fræðigreina og bókakafla um alþjóðlegan einkamálarétt og samanburðarlögfræði.

12. nóvember **Símahlustanir lögreglu – Hverjar eru reglurnar og er framkvæmd í samræmi við lög?**
Málþing haldið í samvinnu við Orator, félag laganema. Frumælendur:
Símon Sigvaldason héraðsdómari: Skilyrði fyrir símahlustun, í sögulegu samhengi
Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari: Framkvæmd símahlustana
Reimar Pétursson hrl.: Hverjar eru heimildir til símahlustana samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála?
Fundarstjóri: Linda Ramdani, funda- og menningarmálastjóri Orators

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Samkvæmt samningi Lagastofnunar við Mannréttindastofnun HÍ (MHÍ), sinnir Lagastofnun almennri framkvæmdastjórn fyrir MHÍ og forstöðumaður Lagastofnunar er jafnframt forstöðumaður MHÍ. Nánari upplýsingar um starfsemi MHÍ árið 2014 er að finna í ársskýrslu stofnunarinnar.

Endurmenntunarnámskeið

Lagastofnun hélt ellefu endurmenntunarnámskeið á árinu sem er þremur fleiri en árið á undan.

3. febrúar, 24. febrúar og 10. mars – Nýjungar í EES-rétti – Röð þriggja námskeiða

3. febrúar – Vegvísir um EES-réttindi

Kennari: Dóra Guðmundsdóttir LL.M., aðjúnkt við Lagadeild HÍ og sérfræðingur í Evrópurétti.

Á námskeiðinu var m.a. fjallað um:

- hvernig frumréttur, útfærður með tilskipunum, skapar réttindi og hvaða máli tegund lagasamræmingar skiptir;
- hvernig tilskipanir eru í vaxandi mæli réttarheimildir í stjórnslumálum;
- hvernig kröfur um efnaskyldu (e. obligation of result) rýmka regluna um túlkun til samræmis við EES-rétt og
- hvernig brot á tilkynningaskyldu stjórnvalda samkvæmt EES-samningnum getur leitt til réttaráhrifa í landsrétti.

Farið var yfir það hvort vörn sem byggist á því að EES-reglur hafi ekki bein réttaráhrif haldi gildi sínu í ljósi nýrrar dómaframkvæmdar.

24. febrúar – Vegvísir um EES-réttarúrræði

Kennari: Dóra Guðmundsdóttir LL.M., aðjúnkt við Lagadeild HÍ og sérfræðingur í Evrópurétti.

Nýir dómar EFTA-dómstólsins styrkja virkni EES-reglna í landsrétti og samhliða áherslu dómstólsins á réttaraðgengi og raunhæfa réttarvernd leiðir til stórfelldra breytinga í réttarframkvæmd, sé úrlausnum dómstólsins fylgt.

Á námskeiðinu var fjallað um þau réttarúrræði sem leiða má af EES-samningnum, umfram skaðabótaskyldu ríkisins og hvað ber að varast í skaðabótamálum sem byggjast á vanefndum ríkisins. Þá var fjallað um það hvernig beita má meginreglum EES-réttar um raunhæfa réttarvernd, jafngildi og skilvirkni til að ná fram efndum EES-réttinda í landsrétti.

10. mars – Hvernig geta fjármálareglur EES-samningsins nýst aðilum í dómsmálum?

Kennarar: Stefán Geir Þórisson hrl. og Sigrún Ingibjörg Gísladóttir hdl.

Fjallað var um það hvernig aðilar að dómsmálum fyrir íslenskum dómstólum geta hugsanlega nýtt sér réttarreglur og dómafordæmi Evrópudómstólsins, EFTA dómstólsins og dómafordæmi frá öðrum aðildarríkjum auk evrópskra fræðirita við rekstur dómsmála á þessu sviði hér á landi. Einnig hvernig Hæstiréttur hefur fjallað um kröfur aðila um öflun áhlits EFTA dómstólsins og við hvaða kringumstæður hann hefur að eigin frumkvæði aflað áhlits EFTA dómstólsins.

Markaðsmisnotkun.

Fjallað um helstu reglur EES réttar um markaðsmisnotkun og að hvort íslensk lög og reglur um markaðsmisnotkun samræmist EES reglum að öllu leyti. Farið yfir dómafordæmi frá nágrannalöndunum.

20. febrúar – Peningaþvætti í ljósi starfsskilyrða regluvarða og annarra starfsmanna fjármálafræðingur

Kennari: Logi Kjartansson lögfræðingur, sérfræðingur í lögreglurétti og fyrrv. lögfræðingur hjá embætti ríkislögreglustjóra

Fjallað var m.a. um réttarlegt og raunverulegt umhverfi peningaþvættis sem og helstu vísbendingar um slíka háttsemi í ljósi starfsskilyrða regluvarða og annars starfsfólks fjármálafyrirtækja. Áhersla lögð á hlutverk, heimildir og skyldur ábyrgðarmanna og annarra starfsmanna fjármálafyrirtækja eða tilkynningarskyldra aðila samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006. Farið yfir tengsl lögreglu og tilkynningarskyldra aðila og samstarf þeirra sem forsendu árangurs. Fjallað var um m.a.:

- Hvaða hegðun telst vera peningaþvætti.
- Hvað getur veitt vísbendingu um peningaþvætti.
- Hvaða skilyrði eru fyrir því að regluvörðum og/eða öðrum tilkynningarskyldum aðilum beri skylda til að senda mál til lögreglu

Ávinningur þátttakenda fólst í að verða betur upplýstir um:

- Starfsskilyrði og starfsskyldur samkvæmt lögum nr. 64/2006.
- Heimildir og ábyrgð samkvæmt lögum nr. 64/2006.
- Hlutverk og samstarf við lögreglu sem og raunverulegar aðstæður og atvik í samfélagi nútímans

6. mars – Peningaþvætti og lífeyrissjóðir

Kennari: Logi Kjartansson lögfræðingur, sérfræðingur í lögreglurétti og fyrrv. lögfræðingur hjá embætti ríkislögreglustjóra.

Námskeiðið var ætlað starfsfólki lífeyrissjóða og haldið í samstarfi við Landssamtök lífeyrissjóða.

Fjallað um réttarlegt og raunverulegt umhverfi peningaþvættis sem og helstu vísbendingar um slíka háttsemi í ljósi starfsskilyrða starfsfólks lífeyrissjóða. Farið var yfir hagnýt atriði er varða það hvaða skyldur hvíla á lífeyrissjóðunum samkvæmt lögum og leiðbeinandi reglum um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.e. hvað eiga sjóðirnir að framkvæma og hvernig.

Fulltrúi Fjármálaeftirlitsins var á námskeiðinu til að svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum. Farið var yfir m.a.:

- Áreiðanleikakannanir viðskiptamanna og þýðingu þeirra - Upplýsingaöflun og eftirlit
 - Helstu vísbendingar um peningaþvætti í ljósi starfsemi lífeyrissjóða
 - Hverjir eru líklegir til þess að þvætta með því að nota annars lögmætar leiðir lífeyrissjóða
- Raunhæf dæmi tekin til umfjöllunar
- Rannsóknarskyldu og tilkynningarskyldu til lögreglu þegar það á við auk eðli samstarfs í því sambandi
- Innra eftirlit lífeyrissjóðanna
- Hlutverk og skyldur ábyrgðarmanns
- Árleg skýrsla ábyrgðarmanns
- Þjálfun starfsmanna

- Peningaþvætti sem afbrot, hvata þess og einkenni með tilliti til starfsskilyrða lífeyrissjóða
- Hlutverk, heimildir og ábyrgð lífeyrissjóða sem tilkynningarskyldra aðila vegna peningaþvættis
- Innleiðing og efni reglna sem háðar eru staðfestingu stjórnvalda

27. mars – Galli í fasteignakaupum

Kennari: Hildur Ýr Viðarsdóttir, lögmaður hjá Landslögum lögfræðistofu og stundakennari við Lagadeild HÍ.

Þegar ágreiningur rís vegna fasteignaviðskipta er það í flestum tilvikum vegna annmarka/galla á hinni seldu fasteign. Á námskeiðinu var farið í það hvenær annmarki á fasteign veitir kaupanda rétt til að beita vanefndaúrræðum, m.a. krefjast afsláttar eða skaðabóta. Fjallað var um það hvenær annmarki á fasteign telst galli í skilningi fasteignakauparéttar. Gallahugtak laga um fasteignakaup nr. 40/2002 útskýrt og hverjar eru takmarkanir á því.

Þá var fjallað um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda fyrir kaup á fasteign. Vikið að skyldum fasteignasala til að upplýsa kaupanda um ástand eignar og einstakra hluta hennar, þar á meðal um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um á eign, sbr. c. lið 11. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99/2004 og um kynningu fasteignasala á eign, sbr. 13. gr. sömu laga. Einnig var gerð grein fyrir hvernig ber að bregðast við eftir að ágreiningur hefur komið upp, m.a. þeim frestum laga um fasteignakaup sem kaupandi hefur í kjölfar þess að galli kemur upp.

30. október – Reglur stjórnslurétta í opinberu markaðseftirliti

Kennari: Kristín Benediktsdóttir, lektor við Lagadeild HÍ.

Fjallað með almennum hætti um helstu reglur stjórnslurétta við eftirlit stjórnvalda með fjármála- og viðskiptamarkaðnum hér á landi. Einkum litið til úrlausna sem varða þrjú stjórnvöld á þessu sviði, þ.e. Samkeppniseftirlitið, Fjármálaeftirlitið og Neytendastofu.

Einblínt á þær reglur sem skapað hafa álitamál í framkvæmd hjá eftirlitsstjórnvöldum á undanförunum árum. Uppbygging yfirferðarinnar var með þeim hætti að fylgt var gangi stjórnslumáls frá upphafi til enda með umfjöllun um þær reglur sem á reynir í málsmeðferðinni. Fjallað var um m.a.:

- upphaf mála hjá eftirlitsstjórnvöldum og aðild að þeim
- möguleg rannsóknarúrræði
- málsmeðferðar- og efnisreglur sem einkum hefur reynt á við meðferð þessara mála
- stjórnvaldssektir og önnur íþyngjandi lok mála
- möguleikann til að fá ákvarðanir eftirlitsstjórnvalda endurskoðaðar

6. nóvember – Þættir úr umhverfisrétti

Kennari: Dr. Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor við Lagadeild HÍ.

Fjallað var um fjögur þemu:

1. Inngang að umhverfisrétti með áherslu á lagalegan grundvöll réttarsviðsins, áhrifavalda, áhrif ESB/EES á þróun þess hér á landi og helstu efnissvið.
2. Helstu meginreglur umhverfisréttar og birtingarmyndir þeirra í íslenskum rétti með áherslu á varúðarreglu.
3. Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð sem eru nýmæli í íslenskum rétti. Með gildistöku laganna ber tiltekin atvinnustarfsemi hlutlæga ábyrgð á eiginlegu umhverfistjóni á hlutlægum grunni og varir ábyrgðin í 30 ár.
4. Nýmæli í skipulagsrétt, þ.m.t. landsskipulagsstefnu, og úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sem sett var á laggirnar samkvæmt lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Nefndin tók við hlutverki nokkurra úrskurðarnefnda, þ.m.t. úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og úrskurðarnefndar sem starfaði samkvæmt 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

13., 20. og 27. nóvember – Samkeppnisréttur

Kennari: Ásgeir Einarsson LL.M., lektor við lagadeild HÍ og aðstoðarforstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Röð þriggja námskeiða um kjarnaatriði í samkeppnisrétti. Fjallað um reglur samkeppnislaga sem leggja bann við samkeppnishamlandi samstarfi fyrirtækja og misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Einnig farið yfir mikilvæg atriði sem tengjast málsmeðferð og viðurlögum í samkeppnismálum. Lögð áhersla á að skýra þessa þætti samkeppnisréttarins eftir föngum með hliðsjón af nýrri eða nýlegri framkvæmd í bæði íslenskum og EES/ESB-samkeppnisrétti. Saman var námskeiðunum ætlað að veita haldgóða þekkingu á réttarsviðinu fyrir lögmenn, lögfræðinga í opinberri stjórnslu, stjórnendur fyrirtækja og aðra lögfræðinga sem fást að einhverju leyti við samkeppnisrétt.

13. nóvember – Bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Í 11. gr. samkeppnislaga er lagt bann við hvers konar misnotkun á markaðsráðandi stöðu og er ákvæðið efnislega samhljóða banni EES réttarins við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Það hefur mikla þýðingu fyrir fyrirtæki ef það telst markaðsráðandi. Þá leggjast á það sérstakar skyldur og það getur sætt viðurlögum vegna háttsemi sem er fyllilega heimil þegar um er að ræða fyrirtæki sem ekki eru markaðsráðandi.

Hér á landi hafa á undanförunum árum verið felldir úrskurðir og gengið dómar þar sem inntak bannsins við misnotkun á markaðsráðandi stöðu hefur verið skýrt nánar. Einnig hefur EFTA dómstóllinn og dómstólar ESB nýlega kveðið upp dóma sem hafa umtalsverða þýðingu að þessu leyti. Þá hefur framkvæmdastjórn ESB gefið út leiðbeiningu um hvernig hún hyggst forgangsraða í framkvæmd á banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu og tengt þessu hafa átt sér stað umræður í fræðaheiminum um grundvallaratriði sem tengjast túlkun á banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Í námskeiðinu var þetta rætt í tengslum við umfjöllun um meginatriði 11. gr. samkeppnislaga. Eftirfarandi var m.a. tekið til skoðunar:

- Getur fyrirtæki sem ekki er með mestu markaðshlutdeildina verið markaðsráðandi?
- Geta skyldur 11. gr. samkeppnislaga tekið til markaðs sem er tengdur þeim markaði þar

sem viðkomandi fyrirtæki er markaðsráðandi?

- Er brot á 11. gr. samkeppnislaga háð því að sýnt sé fram á að aðgerðir markaðsráðandi fyrirtækis hafi í raun haft skaðleg áhrif?
- Getur markaðsráðandi fyrirtæki misnotað stöðu sína með hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum?
- Hver eru skilyrði þess að verðlækkun markaðsráðandi fyrirtækis teljist ólögmæt?

20. nóvember – Bann við samkeppnishamlandi samráði

Í 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við hvers konar samráði milli fyrirtækja sem er til þess fallið að raska samkeppni. Í 12. gr. laganna er að finna ákvæði sem m.a. er ætlað að koma í veg fyrir að samráð eigi sér stað á vettvangi hagsmunasamtaka fyrirtækja. Eru þessi ákvæði í samræmi við bann EES réttarins við samkeppnishamlandi samráði. Samráð milli fyrirtækja um verð og aðra mikilvæga samkeppnisþætti felur að jafnaði í sér háttsemi sem er afar skaðleg fyrir bæði neytendur og atvinnulífið. Geta slík brot leitt til þess að fyrirtæki séu beitt stjórnvaldsviðurlögum og stjórnarmenn eða starfsmenn refsingu. Skiptir því miklu að bæði stjórnendur fyrirtækja og ráðgjafar þeirra þekki vel þetta svið samkeppnisréttarins.

Á undanförunum árum hafa bæði hér á landi og í EES/ESB-rétti verið teknar ákvarðanir og kveðnir upp dómar sem skýra betur bann við samkeppnishamlandi samstarfi fyrirtækja. Þá hafa verið gefnar út leiðbeiningar um þýðingarmikla þætti, sbr. m.a. leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA frá 2013 um lárétta samstarfssamninga. Í námskeiðinu var þetta rætt í tengslum við umfjöllun um meginatriði 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Eftirfarandi var m.a. tekið til skoðunar:

- Getur fyrirtæki brotið af sér við það eitt að taka við tölvupósti frá keppinauti þar sem það er hvatt til að hækka verð?
- Mega fyrirsvarsmenn hagsmunasamtaka keppinauta verja verðhækkunar þeirra í opinberri umræðu?
- Er það ólögmætt ef heildsali A flytur smásala B þau boð frá smásala C að smásöluverð á tiltekinni vöru sé of lágt?
- Hvenær eru skipti á upplýsingum milli keppinauta eða miðlun upplýsinga innan hagsmunasamtaka fyrirtækja ólögmæt?
- Hvað er samfelld samráð?

27. nóvember – Málsmeðferð og viðurlög í samkeppnisrétti

Ákvæði samkeppnislaga veita Samkeppniseftirlitinu víðtækar heimildir til að rannsaka samkeppnismál. Eftirlitið getur framkvæmt húsleitir og lagt fyrir fyrirtæki og opinbera aðila að veita upplýsingar og afhenda gögn. Jafnframt er Samkeppniseftirlitinu falið ákveðið mat um hvort kvartanir frá fyrirtækjum gefi tilefni til rannsókna og eftirlitið getur forgangsraðað málum í meðferð. Rannsóknum Samkeppniseftirlitsins getur lokið með ákvörðun þar sem viðurlög eru lögð á brotleg fyrirtæki og eftir atvikum fyrirmælum beint til þeirra sem hafa áhrif á hegðun þeirra eða skipulag. Einnig getur málum lokið með sátt þar sem fyrirtæki fallast á að greiða stjórnvaldssekt og breyta háttsemi sinni. Hefur slíkum niðurstöðum farið fjölgandi.

Bæði fyrirtæki sem kvarta yfir samkeppnishömlum og þau sem sæta rannsókn geta haft mikilla hagsmuna að gæta vegna bæði málsmeðferðar Samkeppniseftirlitsins og lokaniðurstöðu. Ákvæði stjórnslulaga veita málsaðilum tiltekin réttindi sem skýrð hafa verið nánar í framkvæmd Samkeppniseftirlitsins og í úrlausnum áfrýjunarnefndar samkeppnismála og dómstóla. Álitamál hafa komið upp um að hvaða marki fyrirtæki geti notið þeirra réttinda sem mælt er fyrir um í Mannréttindasáttmála Evrópu og reynt hefur á ýmsa þætti sem tengjast álagningu stjórnvaldssekta.

Á námskeiðinu var leitast við að gefa heildstætt yfirlit um mikilvæga þætti sem varða málsmeðferð og viðurlög í samkeppnismálum. Eftirfarandi var m.a. tekið til skoðunar:

- Nýtur fyrirtæki sem sætir rannsókn samkeppnisyfirvalda sama þagnarréttar og einstaklingur sem sætir rannsókn í sakamáli?
- Geta uppljóstrarar notið nafnleyndar í samkeppnismálum?
- Getur grunað fyrirtæki lokið máli með sátt við Samkeppniseftirlitið án þess að viðurkenna brot?
- Er unnt að leggja stjórnvaldssekt á lögpersónu A vegna aðgerða lögpersónu B?
- Getur sá sem kaupir fyrirtæki þurft að greiða stjórnvaldssekt vegna aðgerða þess undir eldra eignarhaldi?
- Hvenær getur Samkeppniseftirlitið brotið upp fyrirtæki?